

Samkomulag Félags íslenskra hljómlistarmanna kt.530169-5539 og Menningarfélags Akureyrar kt: 431014-0330

1. gr.

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Menningarfélag Akureyrar (MAK) hafa orðið ásátt um að eftirfarandi skuli gilda varðandi kaup og kjör þeirra sem ráðnir eru hjá MAK vegna tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN) (hér er ekki átt við verkefni SinfoniaNord þar sem hljómsveitin er leigð af þriðja aðila vegna tónlistarverkefna).

2. gr.

Verktakagreiðslur hljóðfæraleikara SN fyrir æfingar og eina tónleika samtals 15 tíma eru 188.500 kr frá 06.nóvember 2023. Verktakagreiðslur hækka um 8.700 kr frá 01.janúar 2024 og aftur um 8.700 kr frá 01.08.2024.

Innifalið í verktakagreiðslu er fatastyrkur, álag vegna kvöld- og helgarvinnu, hljóðfæragjald og verktakaálag. Hljóðfæraleikarar standa því sjálfir skil á greiðslum iðgjalda af verktakagreiðslum sínum í stéttarfélag FÍH og þann lífeyrissjóð sem þeir sjálfir kjósa.

Verktakagreiðslan eru fullnaðargreiðsla fyrir tónleikana.

Leyfilegt er að hafa eina fjögurra klukkustunda æfingu milli kl. 17:00-21:00 þegar listamenn mæta á föstudegi. Á laugardögum er heimilt að hafa eina þriggja klukkustunda æfingu og eina fjögurra klukkustunda æfingu. Rennsli fer fram frá kl. 11 - 13 og tónleikar fara að jafnaði fram á sunnudegi, oftast kl. 16. Þegar tónleikar fara fram á laugardögum skal fyrirkomulagið vera eins, þó með þeirri undantekningu að byrjað er að æfa á fimmtudegi. Í einhverjum tilfellum fara þó fram æfingar á höfuðborgarsvæðinu, með þeim sem þar búa, á miðvikudegi og svo á Akureyri með þeim sem þar búa á fimmtudegi. Hljómsveitarstjórar geta þurft að haga æfingum eftir hentugleika miðað við almenningssamgöngur, þ.e.a.s. gætu þurft að hafa styttri æfingu á föstudegi/fimmtudegi og þá lengri æfingu á tónleikadegi eftir því hvernig viðrar. Æfingar skulu þó ekki standa lengur en í samanlagt 15 klst. að frádregnum pásam.

Ef tónleikar eru endurteknir innan tveggja mánaða teljast þeir vera endurteknir tónleikar og er greitt fyrir þá helmingur af greiðslu skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

SN semur sérstaklega við einleikara, einsöngvara og hljómsveitarstjóra fyrir hvert verkefni fyrir sig.

3. gr.

Ef hljóðfæraleikari, sem fengið hefur afhentar nótur vegna fyrirhugaðra tónleika er afboðaður með minna en sólarhrings fyrirvara skal greiða verktakagreiðslu sem svara til ¼ af verktakagreiðslum fyrir tónleikana.

4. gr.

Fyrir leik á aukahljóðfæri, eitt eða fleiri, greiðist 30% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu. Fyrir leiðara greiðist 10% álag ofaná greiðslur skv. 2. gr. í samkomulagi þessu.

5. gr.

A.H.
E.H.

Hljóðfæraleikarar greiða sjálfir fyrir ferðir og uppihald þurfi þeir að ferðast vegna tónleika SN.

6. gr

Heimilt er að útvarpa og sjónvarpa tónleikum. MAk fær ótakmarkaðan rétt til að nýta allan sýningar- og útgáfurétt tónleika. Réttur þessi nær til sýninga í hvers konar útvarpi eða sjónvarpi ásamt útgáfu þeirra og dreifingar á sölu- og leigumyndböndum, mynddiskum (DVD), á interneti og til hvers konar nýtingar og endurnýtingar í öllum miðlum sem þekktir eru í dag eða kunna að þróast á komandi árum.

7. gr.

Hljóðfæraleikarar skila inn löggildum reikningum vegna þjónustu sinnar og eru þeir greiddir í síðasta lagi fjórum vikum síðar.

8. gr.

Samkomulag þetta gildir frá 1. nóvember 2023 og til 31. des. des 2024 og rennur út án uppsagnar.

Akureyri, 28.nóvember 2023


F.h. Menningarfélags Akureyrar



Eva Hrunn Einarsson

Framkvæmdastjóri

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna



Gunnar Hrafnsson

Formaður